



FJARÐABYGGÐ

FJARÐABYGGÐ

ÁRSSKÝRSLA 2005



Á árinu 2005 átti sér stað gríðarleg uppbygging í Fjarðabyggð. Lang fjárfrekastu framkvæmdirnar voru að sjálfsgöðu á álverslóðinni og þar gekk uppbyggingin samkvæmt áætlun bæði hvað varðar byggingu álversins sjálfs svo og hafnarinnar. Samskiptin við forsvarsmenn Alcoa/Fjarðaáls og Bechtel hafa verið mjög góð og hefur undirritaður átt reglulega fundi með forsvarsmönnum þessara fyrirtækja. Þannig hefur verið hægt að leysa vandamál sem upp koma fljótt og vel.

Höfnin var tekin formlega í notkun af samgönguráðherra í október en hún var tilbúin til notkunar 1. júlí (þ.e. 150 metra kantur) eins og samið var um í álsamningunum. Höfnin er hönnuð af Siglingastofnun og hafa þeir haft allan veg og vanda af útboðum sem tengjast höfninni.

En það var ekki einungis á álverslóðinni sem uppbyggingin átti sér stað heldur var hún mikil í byggðakjörnunum þremur, að sjálfsgöðu langmest á Reyðarfirði. Hreint er með ólíkindum hversu mikil umsvif hafa orðið síðan blómaskeiðið hófst og enn eiga þau eftir að aukast. Sveitarfélagið hefur lagt gríðarlega undir í allri þessari uppbyggingu og lagt sitt þannig að mörkum að gera umhverfið hér sem mest aðlaðandi til að fólk flytji hér til okkar og setjist að.

Íbúar Fjarðabyggðar voru þann 1. desember 3.895 og hafði fjölgað um 714 á árinu eða um 22,4%. Íbúafjöldunin er nokkuð í takt við það sem spár okkar hafa gert ráð fyrir hingað til. Því er þó ekki að neita að mörgum finnst ekki vera byggt nægt húsnæði til að taka á móti nýjum íbúum en það mun verða til staðar á árinum 2006 og 2007 þegar mestu fólksflutningarnir munu eiga sér stað vegna starfrækslu álversins og tengdrar starfsemi.

Vinabæjamót var haldið í Finnlandi í september. Til upprifjunar fyrir lesendur þá eru erlendir vinabæir í vinabæjakeðju Fjarðabyggðar: Esbjerg í Danmörku, Stavanger í Noregi, Eskilstuna í Svíþjóð og Jyvaskyla í Finnlandi. Alls sóttu 7 fulltrúar Fjarðabyggðar vinabæjamótið. Á þessu vinabæjamóti var ákveðið að endurskoða vinabæjasamstarfið með það í huga að efla samskipti yngra fólks í vinabæjunum þá helst á sviði íþróttar. Næsta vinabæjamót sem verður í Fjarðabyggð á árinu 2007 mun bera þessari áherslubreytingu merki.

Fjarðabyggð hefur að auki vinabæjasamskipti við Sandavog í Færeyjum og komu Sandavogsbúar í heimsókn á árinu og bar íþróttafélagið Þróttur hita og þunga af þeirri heimsókn. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar heimsótti íslenska vinabæinn Akranes. Gildi þessa vinabæjasamstarfs er ótvírætt og bera að efla það og styrkja.

Kosningar um sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps fóru fram á árinu og var hún samþykkt í öllum sveitarfélögum. Var þetta eina sameiningin sem samþykkt var í kosningunum sem fram fóru um land allt. Ný Fjarðabyggð verður því til eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2006.

Það er ljóst mál að eitt brýnasta hagsmunamál hins nýja sveitarfélags eru bættar samgöngur. Fyrst má þar telja ný jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar en gömlu Oddskarðsgöngin eru orðin úrelt fyrir löngu. Þessi farartálmi takmarkar mjög þróun hins nýja sveitarfélags og því afar mikilvægt að að tímasetning nýrra ganga verði ákveðin á þessu ári og undirbúningur þeirra hafinn að fullu. Þá er brýnt að framkvæmdum við endurbyggingu vegar milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar verði lokið sem allra fyrst.

Rekstur Fjarðabyggðar gekk vel á þessu ári og hreint veltufé frá rekstri nam um 300 milljónum kr. sem þýðir að úr rekstrinum erum við að fá þessa upphæð til framkvæmda og afborgana lána. Spár fyrir sveitarfélagið gera ráð fyrir enn betri afkomu á árinu 2006.

Ég vil að lokum þakka starfsmönnum Fjarðabyggðar, bæjarfulltrúum og nefndafólki gott samstarf sem og öllum bæjarbúum.

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri.



Fjármála- og stjórnslusvið

Fjármála- og stjórnslusvið sveitarfélagsins hefur umsjón með fjárreiðum og bókhaldi, annast gerð fjárhagsáætlana, framkvæmd kjara- og starfsmannamála, fjarskipta- og tölvumála, trygginga- og upplýsingamála auk manntala. Jafnframt annast sviðið kostnaðareftirlit, innkaupa- og skrifstofustjórnun auk annarra stjórnsluathafna. Skrifstofur eru í tveimur byggðakjörnum af þremur og eru starfsmenn 12 í 11,3 stöðugildum. Starfsemi sviðsins er samþætt með miðlægu upplýsinga- og símkerfi auk skýrra verkefnaskilgreininga.

Starfsemi sviðsins

Starfsemi sviðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Í upphafi ársins var boðin út stærsta lántaka Fjarðabyggðar hingað til eða 1.200 millj. kr. Umsýsla vegna lóðaumsókna óx verulega en eftirspurn eftir lóðum var vaxandi og í takt við aukin umsvif.

Skrifstofur sveitarfélagsins á Reyðarfirði og Eskifirði voru sameinaðar á miðju ári í eina í nýju verslunar- og þjónustuhúsnæði að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði. Þá heimsóttu starfsfélagar frá Höfn í Hornafirði sviðið og eins heimsóttu starfsmenn sviðsins kollega á Fljótsdalshéraði. Allt skipulag tölvukerfis stjórnslunnar var endurskoðað og samið við Tölvusmiðjuna ehf. um hýsingu kerfanna. Á árinu var jafnframt uppfært bókhaldskerfi sveitarfélagsins og eflað skilvirkni og upplýsingagjöf til stjórnenda stofnana. Þá var sérstök áhersla lögð á bætt vinnubrögð við innheimtu krafna og öll áætlanagerð í tengslum við fjárhagsáætlanir endurskoðuð og bætt. Vegna tímabundinna aukinna verkefna var Ingólfur Bragason ráðinn í fullt starf.

Stjórnslan og nefndasvið

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð níu fulltrúum, fjórum fulltrúum frá Fjarðalistanum, tveimur fulltrúum frá Framsóknarflokki, tveim fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki og einum frá Biðlista. Smári Geirsson var forseti bæjarstjórnar. Bæjarstjórn hélt 22 fundi á árinu.

Fjárhagsáætlun 2005 var afgreidd þann 15. desember, ársreikningur 2004 þann 4. maí, þriggja ára áætlun 2006 til 2008 þann 20. janúar og endurskoðun fjárhagsáætlunar 2005 þann 3. nóvember. Þá skipaði bæjarstjórn samkvæmt venju í embætti á miðju ári en auk þess voru skipaðar nefndir og starfshópar sem unnu að undirbúningi sameiningakosninga 8. október en þar var staðfestur vilji íbúa til að sameina sveitarfélögin Fjarðabyggð, Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhrepp og Mjóafjarðarhrepp. Í kjölfar niðurstöðu kosninganna var síðan skipuð undirbúningsnefnd sem vann að sameiningu sveitarfélaganna. Þá setti bæjarstjórn nýja reglugerð fyrir

Hitaveitu Eskifjarðar og Hafnarsjóð Fjarðabyggðar. Bæjarráð er skipað þrem fulltrúum og eru þeir kosnir árlega úr hópi bæjarfulltrúa. Að auki situr áheyrnarfulltrúi Biðlista fundi ráðsins. Formaður er Þorbergur Hauksson. Í bæjarráði sitja auk Þorbergs, Guðmundur R. Gíslason, Magni Kristjánsson og Ásmundur Páll Hjaltason. Bæjarráð hélt 47 fundi á árinu og tók fyrir 497 mál. Af einstökum málum voru lóðarúthlutanir lang fyrirferðamestar í umfjöllun ráðsins en alls var samþykktar 163 lóðarúthlutanir. Aðrar nefndir sveitarfélagsins héldu 152 fundi.

Starfsmannahald

Á launaskrá Fjarðabyggðar árið 2005 voru liðlega 800, en fastráðnir starfsmenn í meira en 10% starfi þann 1. desember voru um 300 í 250 stöðugildum. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu alls kr. 941 milljón kr. Nefndar- og stjórnarlausn námu 21 milljón kr. Hæstar voru launagreiðslur í málaflokknum fræðslumál, 502 millj. kr. Þar á eftir kom þjónustumiðstöð með 105 millj. kr. og sameiginlegur kostnaður með 79 millj. kr. Fastir starfsmenn eru flestir í málaflokknum fræðslumál og einstakrar stofnunar í Nesskóla. Fjarðabyggð hélt áfram þróunarsamstarfi með Tölvumiðlun hf. um þróun á nýju launa- og mannauðskerfi sem bætir allt umhald starfsmannamála. Starfsmannahald var í föstum skorðum á árinu og óverulegar breytingar á starfsmannahaldi.

Upplýsingamál

Á heimasíðunni voru birtar 164 fréttir auk augýsinga og miðlunar annars efnis. Kynningarmál sveitarfélagsins voru m.a. í umfjöllun kynningarnefndar en formaður hennar er Guðný Björg Hauksdóttir en aðrir í nefndinni eru Eiður Ragnarsson, Magni Kristjánsson og Ásmundur Páll Hjaltason. Reglulega var boðið uppá viðtalstíma bæjarfulltrúa en þeir voru misjafnlega vel nýttir. Að auki voru haldnir kynningarfundir um afmörkuð málefni á sviði umhverfismála, íþróttamála sem og annarra bæjarmála.

Íbúapróun

Íbúum Fjarðabyggðar fjölgaði á árinu og voru þeir 3.895 þann 1. desember 2005. Hefur þeim fjölgað um 720 frá árinu áður eða sem nemur 23% en hluti af þeirri fjölgun er vegna íbúa í starfsmannahorpi Bechtel á Haga við Reyðarfjörð. Skiptast íbúar eftir byggðakjörnum þannig: Í Neskaupstað 1.469, á Eskifirði 1.012 og á Reyðarfirði 1.414 en þar af voru í búar á Haga um 700. Karlar voru 2.323 og konur 1.572. Íbúar skiptust eftir aldri þannig að börn að 6 ára aldri voru 258, 6 til 17 ára 542, 17 til 24 ára 422, 25 til 66 ára 2.339 og 67 ára og eldri 334.



Álagning skatta

Álagningarhlutfall úsvars var 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,38% á íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum og lóðum þeim tengdum ásamt jörðum og eignum sem nýtt eru til landbúnaðar en 1,65% á aðrar eignir. Vatnsskattur var 0,27%, holræsagjald 0,25%, lóðarleiga 1,5% af álagningarstofnum, sorphreinsunargjald 7.900 kr. og sorpeyðingargjald 6.800 kr.

Þjónustugjöld voru hækkuð í takt við verðlagsþróun og eru með þeim lægstu á landinu.

Ársreikningur 2005

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 2.015,2 milljón kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta sem er 393,6 milljóna kr. aukning frá árinu áður og nemur 24,3%. Rekstrartekjur A-hluta námu þar af 1.558,7 milljónum kr. sem er aukning um 347,0 millj. kr. eða 28,6% hækkan.

Rekstrargjöld sveitarfélagsins námu 1.884,8 milljónum kr. sem er aukning um 207,2 milljón kr. frá árinu áður eða sem nemur 12,35%. Rekstrargjöld A-hluta voru 1.541,8 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins að teknu tilliti til fjármagnsliða var neikvæð um 10,4 millj. kr. sem er 20,9 milljóna kr. lakari niðurstaða en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Engu að síður er ljóst að mikill bati var í afkomu sveitarfélagsins á árinu 2005 þar sem rekstrarniðurstaða ársins 2004 í A og B hluta var neikvæð um 142,2 millj.kr.

Veltufé frá rekstri nam 306,4 millj. kr og handbært fé frá rekstri nam 180,9 milljónum kr. Á árinu 2004 var handbært fé frá rekstri jákvætt um 2,4 millj.kr og aukningin í veltufé milli ára umtalsvert. Veltufjárhlutfall í lok árs 2005 var 1,01 í A hluta og 0,87 í A og B hluta.

Áætlanir sveitarfélagsins höfðu eins og áður sagði gert ráð fyrir betri rekstraafkomu en áhrif hækkana á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélagsins og stórauðinn launakostnaður vegna samningsbundinna hækkana og samræmds starfsmats starfsmanna sveitarfélagana hafði þau áhrif að rekstrarafkoman var lakari en ráð var fyrir gert. Launakostnaður varð 21,7 millj.kr hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem og reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eða sem nam 74,9 millj.kr. Á móti kom að annar rekstarkostnaður var 4,0 millj.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá voru útsvarstekjur nokkuð lægri en ráð var fyrir gert en á móti komu hærri tekjur vegna fasteignaskatta, framlaga frá jöfnunarsjóði ásamt því að aðrar rekstrartekjur hækkuð nokkuð umfram áætlanir þ.m.t. tekjur af hafnarsjóði.

Fjárfestingar nettó A og B hluta í varanlegum rekstrarfjármunum námu 1.105,4 millj.kr. á árinu 2005. Eignir sveitarfélagsins eru í lok árs 2005 5.602,9 millj.kr., þar af 4.854,2 millj. kr. í fastafjármunum sem nemur 21% aukningu á milli ára. Eigið fé A og B hluta í árslok nam 287,4 millj. kr., þar af 34,3 millj. kr. í A hluta.

Fjárfestingar


Heildarfjárfestingar ársins 2005 námu 1.105,4 millj. kr. Stærstu fjárfestingarnar voru í eignasjóði sveitarfélagsins og námu þær 392,3 millj. kr. Þar af var fjárfesting í skólahúsnæði 292,3 millj. kr. og íþróttamannvirkjum uppá 65,4 millj. kr. Lagðar voru götur fyrir 139,6 millj. kr. og byggðar veitur fyrir 304,9 millj. kr. Fjárfestingar í hafnarsjóði námu 244,5 millj. kr. og félagslegu húsnæði 23,7 millj. kr.

Lykiltölur

Útsvör og fasteignaskattur	52,2%
Framlög jöfnunarsjóðs	9,6%
Aðrar tekjur	38,2%
Laun og launatengd gjöld	47,2%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	4,5%
Annar rekstrarkostnaður	32,7%
Afskriftir	9,2%
Fjármagnsliðir, nettó	7,0%
Framlög til eigin sjóða	0%

** í hlutfalli við rekstrartekjur

SKIPTING SKATTEKNA 2005





Fræðslu- og menningarsvið

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum um viðkomandi stofnanir. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af bæjarstjórn. Aðalmenn í nefndinni í árslok voru þau Jón Björn Hákonarson formaður, Svanhvít Aradóttir varaformaður, Eiður Ragnarsson, Gunnar Ásgeir Karlsson og Agla Hauksdóttir. Fræðslunefnd hélt 16 fundi á árinu 2005.

Heldur dró úr veittum námsstyrkjum á árinu 2005. Í árslok 2005 höfðu verið veittir 76 styrkir til 32 aðila, flestir til aðila sem eru við nám í grunnskólaskori en einnig til nemenda við leikskólaskor, íþróttakennaraskor o.fl. Flestir styrkþegar eru í fjarnámi. Hlutfall réttindakennara við grunnskólana hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og var í árslok í sögulegu hámarki.

Grunnskólar

Þrjú grunnskólar eru starfandi í Fjarðabyggð. Þeir eru Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar og Nesskóli. Skólaárið 2004-2005 voru hátt í 500 nemendur í skólunum þremur. Stöðugildi við skólana voru 87 í árslok 2005.

Nemendur í almennum bekkjardeildum skiptust þannig á skólana skólaárið 2003-2005:

- Grunnskóli Reyðarfjarðar 121 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Grunnskóli Eskifjarðar 159 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Nesskóli 205 nemendur í 13 bekkjardeildum.

Skóladagheimili og mótuneyti eru starfandi við alla skólana þrjá.

Leikskólar

Fjarðabyggð rekur þrjá leikskóla fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Þeir eru Dalborg Eskifirði, Lyngholt Reyðarfirði og Sólvöllir Neskaupstað. Í árslok voru um 110 börn á Sólvöllum, um 60 á Dalborg og ríflega 60 á Lyngholti. Stöðugildi við leikskólana voru um 55 á árinu.

Tónskólar

Fjarðabyggð rekur tvo tón(listar)skóla. Þeir eru Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Tónskóli Neskaupstaðar. Um áramót voru um 130 nemendur í Tónskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og 110 í Tónskóla Neskaupstaðar. Stöðugildi við skólana voru 9,5 en kennt er á öll helstu hljóðfæri í báðum skólunum.

Menningarmál


Menningarnefnd

Menningarnefnd fer með málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einnig fer nefndin með málefni annarra safna samkvæmt ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefnir nefndin fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns, Náttúrustofu Austurlands og Sjóminjasafns Austurlands til bæjarstjórnar. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. Þjóðminjalögum. Þá skal nefndin sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarnefnd hefur með höndum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.

Menningarnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af bæjarstjórn. Aðalmenn í nefndinni í árslok voru þau Guðmundur R. Gíslason formaður, Alrún Kristmannsdóttir varaformaður, Guðmundur Þorsteinsson, Heiðberg Hjelm og Viðar Júlí Ingólfsson. Menningarnefnd hélt 10 fundi á árinu 2005.

Áfram var unnið við Jensenshús á Eskifirði og í árslok voru framkvæmdir langt komnar.

TIL FRÆDSL- OG UPPELDISMÁLA VAR VARIÐ 732,5 MILLJ. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 57,8% AF SKATTEKJUM



Fjöldi tónleika og annarra viðburða var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði á árinu. Í september var skrifað undir viljayfirlýsingu milli Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar og Sinfóníu-hljómsveitar Norðurlands um að standa sameiginlega að tónleikahaldi á Austurlandi á árunum 2006 - 2010. Í byrjun október var nýr og glæsilegur konsertflygill vígður í Kirkju- og menningarmiðstöðinni og rétt fyrir jóla var undirritaður samningur um Kirkju- og menningarmiðstöðina milli Fjarðabyggðar, Menningarráðs Austurlands og menningarmiðstöðvarinnar.

Haldið var málþing um hreindýr og á sama tíma var sett upp ljósmynda-sýning um sama efni. Páskafjör 2005 var haldið með fjölda viðburða um allan bæ. Í lok apríl var haldið málþing í Neskaupstað um ferðabjónustu.

Landsmót sambands harmonikkunnenda var haldið með glæsibrag í byrjun júlí. Fleiri hundruð harmonikkunnendur alls staðar af landinu sóttu mótið.

Sem fyrr voru Dagar myrkurs haldnir í nóvember og var meðal annars boðið í bílabíó á Mjóeyrinni á Eskifirði.

Ákveðið var á árinu að útbúin yrði sér deild innan bókasafnsins á Eskifirði, tileinkuð bókaþjóf Einar Bragi. Bækurnar sem Einar Bragi hefur gefið á liðnum árum eru um 600 og tengjast allar Eskifirði á einn eða annan hátt. Guðmundur Magnússon höfundur Sögu Reyðarfjarðar færði bænum að gjöf fjölda ljósmynda sem honum áskotnuðust við ritun bókarinnar.

Fimmtán einstaklingar og félagsamtök úr Fjarðabyggð fengu um 5,5 millj. kr. í styrki frá Menningarráði Austurlands við úthlutun ráðsins á árinu.

Eins og undanfarin ár voru veittir styrkir til ýmissa menningartengdra viðburða. Beinir peningalegir styrkir námu 4,6 milljónum kr.

Áfram var unnið að ritun sögu Norðfjarðar sem verið hefur í smíðum um margra ára skeið.

Bókasöfn

Þrjú bókasöfn eru í Fjarðabyggð.

Bókasafnið á Eskifirði er til húsa í Grunnskóla Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 16, en gengið er inn í safnið frá Strandgötu. Bókakostur safnsins á Eskifirði taldi um 14.500 bækur í árslok 2005. Þórunn Víðisdóttur lét af störfum á árinu og tók Guðný Einarsdóttir við starfi hennar.

Bókasafnið á Reyðarfirði er til húsa að Búðareyri 25. Almenningsbókasafnið kemur til með að sameinast skólabókasafninu í nýju og glæsilegu húsnæði Grunnskóla Reyðarfjarðar þegar það húsnæði verður fullbúið.

Þá verða öll söfnin þrjú samstæðusöfn. Bókakostur safnsins á Reyðarfirði, þ.e. skóla- og almenningssafns taldi rúmlega 13.000 bækur í árslok 2005.

Almennings- og skólabókasafnið í Neskaupstað er til húsa á jarðhæð Nesskóla að Skólavegi 9. Bókakostur safnsins í Neskaupstað taldi um 18.800 bækur í árslok 2005. Unnið er að því að fara í gegnum safnkost safnanna og gamlar og ónýtar bækur grisjaðar út.

Við Safnastofnun Fjarðabyggðar starfa 4 fastir starfsmenn auk sumarstarfsmanna- og verktaka sem fengnir eru til starfa tímabundið við ýmis verkefni á vegum stofnunarinnar.


Fimm höfuðsöfn

Fimm helstu söfnin í Fjarðabyggð eru: Íslenska Stríðsárasafnið á Reyðarfirði, Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði, Náttúrugripasafnið í Neskaupstað, Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað.

Á Íslenska Stríðsárasafnið komu um 1600 gestir, 670 á Náttúrugripasafnið, 1200 á Sjóminjasafnið og um 2000 gestir heimsóttu Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar á árinu 2005.

Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar eru staðsett að Egilsbraut 2 í Neskaupstað. Safn Jósafats er sjálfseignarstofnun og er Fjarðabyggð einn af stofnaðilum. Safn með verkum Tryggva Ólafssonar er einnig orðin sjálfseignarstofnun með Fjarðabyggð sem einn af stofnaðilum. Safnið á orðið rúmlega 200 verk eftir listamanninn.

**TIL MENNINGARMÁLA VAR VARIÐ 79,7 MILLJ. KR.
TIL REKSTRAR, EÐA 6,3% AF SKATTEKJUM**





Unnið hefur verið að uppbyggingu safnahúss í Neskaupstað nokkur undanfarin ár. Safnahúsið er að Egilsbraut 2 í Neskaupstað. Húsið er á þremur hæðum og er heildarstærð þess um 900 m². Stefnt er á að innan skamms verði þrjú söfn í safnahúsinu; Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar, Málverkasafn Tryggva Ólafssonar og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.

Myndasafnið Eskifirði

Bróðurpartur safnsins er kominn á tölvutækt form. Í safninu eru um 12.000 myndir og myndaplötur. Safnið er ekki aðgengilegt fyrir almenning enn sem komið er.

Skjala- og myndasafn Norðfjarðar

Safnið er ekki opið almenningi en upplýsingar um það er hægt að fá hjá Safnastofnun. Þar eru geymd ýmis skjöl og myndir frá Norðfirði fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Ennfremur er Fjarðabyggð aðili að Héraðsskjalasafni Austurlands en ýmis skjöl tengd gömlu sveitarfélögunum þremur, Eskifjarðarkaupstað, Neskaupstað og Reyðarfjarðarhreppi, eru geymd þar.

Æskulýðs- og íþróttamál

Íþróttá- og tómsundanevnd

Íþróttá- og tómsundanevnd fer í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar með stjórn íþróttá- og tómsundamála.

Nefndin er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Aðalmenn í íþróttá- og tómsundanevnd voru í árslok þau Jóhann Tryggvason formaður, Stefán Ingvarsson varaformaður, Þorbergur Hauksson, Smári Jónasson og Sævar Guðjónsson.

Alls voru haldnir 14 fundir á árinu 2005 og fékk nefndin fjölda erinda inn á sitt borð. Ber þar hvað hæst vinnu vegna framkvæmda við þau mannvirki sem í gangi eru, og afgreiðsla styrkjaumsókna. Nefndin tók þátt í undirbúningi og framkvæmd umhverfis- og heilsudaga sem haldnir voru í maí. Á vordögum var hafist handa við lagfæringar á leikvöllum og tveir nýjir vellir voru byggðir. Í byrjun september var fagnað í samstarfi við Alcoa upphafi framkvæmda við Fjarðabyggðarhöllina með fjölskylduskokki og fleiru skemmtilegu.

Landsmót Samfés var haldið í Fjarðabyggð í lok september og fór að mestu leyti fram á Norðfirði. Á árinu 2005 var skipaður vinnuhópur til að vinna að undirbúningi opunar ungmennahúss á Eskifirði og hófst starfsemi þar í lok ársins.

Fjarðabyggð tekur þátt í sameiginlegu þróunarverkefni Lýðheilsustöðvar og sveitarfélaga, „Allt hefur áhrif einkum við sjálf“.

Þann 28. nóvember var vígður sparkvöllur við Grunnskólann á Eskifirði, sem er samvinnuverkefni Fjarðabyggðar og KSÍ.

Eins og undanfarin ár fengu einstaklingar og íþróttafélög fjárstyrki og íþróttamaður ársins 2005 var kjörin Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir blakkona Prótti Norðfirði.

Starfsmannamál

Auk æskulýðs- og íþróttfulltrúa eru þrjú og hálfstöðugildi við félagsmiðstöðvarnar og ellefu við íþróttamannvirki.

Íþróttamannvirki

Aðstaða í Fjarðabyggð til íþróttaiðkunar er ágæt.

Á Norðfirði er íþróttahús (45m x 22m), útsundlaug (25m x 8,3m), grasvöllur, malarvöllur og lítið æfingisvæði fyrir knattspyrnu. Sundlaugin er opin allt árið um kring og var heildarfjöldi gesta árið 2005 28,317.

Á Eskifirði er íþróttahús yfir vetrarmánuðina. Á vorin er gólfíð tekið af húsinu og það nýtt sem sundlaug yfir sumartímann, en heitur útipottur er opin allt árið. Íþróttahúsið á Eskifirði er 27x14 m og sundlaugin 12x6 m.

Á Reyðarfirði er sömuleiðis íþróttahús yfir vetrarmánuðina og heitur útipottur er opin allt árið. Húsið er nýtt sem sundlaug á sumrin líkt og á Eskifirði. Íþróttahúsið er 27x15 m og sundlaugin 16,6x8 m.

Í íþróttahúsunum á Eskifirði og Reyðarfirði eru líkamsræktarsalir en í Neskaupstað er slík aðstaða enn sem komið er rekin í húsnæði að Egilsbraut 21. Í byrjun desember opnaði Iceland Spa&Fitness líkamsræktarstöð í nýrri viðbyggingu við íþróttahúsið á Reyðarfirði. Frá og með þeim tíma var líkamsræktarsal í kjallara hússins lokað.

Sundlaugarnar á Eskifirði og Reyðarfirði eru reknar í u.þ.b. fimm mánuði á ári. Í lauginu á Eskifirði voru skráðar 7.778 komur á árinu og í lauginu á Reyðarfirði 7.371 koma. Í aðsóknartölum eru allar komur í laugarnar, þ.m.t. notkun UMF. Austra og Vals, sundkennsla í grunnskólunum auk aðsóknar eldri borgara og barna undir 16 ára aldri. Sundkennsla grunnskólanna á Eskifirði og Reyðarfirði fer fram í húsunum í um mánuð að vori og hausti.

Íþróttavellir

Grasvellir eru í öllum byggðakjörnum og hefur ástand þeirra verið misgott. Fjarðabyggð og Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar hafa með sér rekstrarsamning og sá KFF alfarið um daglegan rekstur vallanna. Með tilkomu Fjarðabyggðarhallarinnar og gervigrasvallar á Norðfirði á árinu 2006 mun grasvöllurinn á Eskifirði verða eini grasvöllurinn í fullri stærð í Fjarðabyggð.

Íþróttahús

Íþróttahúsin eru vel nýtt. Fyrri hluta dags fer þar fram leikfímikennsla skólanna en síðari hluta dags og á kvöldin nýta félög og einstaklingar húsin. Íþróttafélögin í Fjarðabyggð hafa ótakmarkaðan aðgang að húsunum fyrir börn á grunnskólaaldri og meistaraflokka. Þau afnot eru bókfærð sem styrkur Fjarðabyggðar til félaganna, og kemur það til viðbótar beinum fjárframlögum sem ákvarðast af fjölda barna á aldrinum 6-16 ára í hverjum byggðarkjarna.

Önnur íþróttastaða

Golfvellir eru á Norðfirði og Eskifirði. Um er að ræða góða níu holu velli sem hafa verið í markvissri uppbyggingu. Bæjarfélagið styrkir golfklúbbana til uppbyggingar vallanna en að öðru leyti eru svæðin alfarið í höndum félaganna. Golfklúbbarnir njóta einnig styrkja til reksturs líkt og önnur íþróttafélög í sveitarfélaginu.

Ennfremur voru unnar á árinu tillögur að deiliskipulagi svæðisins fyrir austan álver að friðlandinu í Hólmanesi, sem gera ráð fyrir 18 holu golfvelli, en ákvörðun liggur ekki fyrir um framkvæmd.

Stöðug fjölgun er á iðkendum golfíþróttarinnar og ljóst er að góðir golfvellir eru eitt af því sem laða ferðamenn á svæðið.

Hestamannafélagið Blær hefur aðstöðu á Kirkjubólseyrum í Norðfirði og hefur gert samning við Fjarðabyggð um uppbyggingu þar. Skotíþróttafélagið Dreki hefur byggt upp starfsemi sína undir Hólmgerðarfjalli ofan við Eskifjörð með tilstyrk sveitarfélagsins.

Íþróttalífið

Íþróttafélögin í Fjarðabyggð njóta styrkja frá sveitarfélaginu og sjá um alla framkvæmd við íþróttaiðkun og leikjanámskeið barna og ungmenna. Íþróttir eru ein af meginstöðum félagslífs í Fjarðabyggð og teygir starfsemi ungmenna- og íþróttafélaganna anga sína víða íbúum öllum til heilla.

Félagsmiðstöðvar

Í Fjarðabyggð eru þrjár félagsmiðstöðvar, ein í hverjum byggðarkjarna. Knellan er á Eskifirði og Zveskjan á Reyðarfirði, báðar í sögufrægu húsnæði sem áður hýsti barnaskóla staðanna. Í Neskaupstað er félagsmiðstöðin Atóm í nýlega uppgerðu húsnæði. Samstarf milli félagsmiðstöðvanna, starfsfólks og gesta þeirra er nokkuð markvissst og leitast er við að hafa sameiginlegar uppákomur og gangkvæmar heimsóknir a.m.k. einu sinni á önn.


Skíðamiðstöðin Oddskarði

Á skíðasvæði Fjarðabyggðar í Oddskarði er mjög góð aðstaða til iðkunar skíða- og útivistaríþróttar. Nýr forstöðumaður var ráðinn í febrúar en þá tók Dagfinnur Ómarsson við af Rúnari Jóhannssyni sem ráðinn var hafnarvörður að höfninni á Reyðarfirði.

Togbrautirnar eru þrjár, Sólskinsbraut, Goðabraut og Selbraut í misbröttu landi og geta því allir að fundið brekku við sitt hæfi. Í skálanum er veitingasala og boðið uppá gistingu fyrir hópa.

Þrátt fyrir snóléttan vetur var skíðasvæðið opið í yfir 50 daga á árinu 2005. Síðla sumars hófust jarðvegsframkvæmdir þar sem svæði voru grjóthreinsuð og brekkur sléttaðar. Þetta leiðir til þess að hægt er að opna skíðasvæðið í mun minni snjó en áður var, auk þess sem skíðaleiðir eru öruggari.

TIL ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁLA VAR VARIÐ 199,2 MILLI. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 15,7% AF SKATTEKJUM





Félagsþjónustusvið

Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd starfar í umboði bæjarstjórnar. Fjarðabyggðar og fer með stjórn og framkvæmd félagsmála eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem og öðrum lögum og reglum er varða málaflokkinn. Aðalmenn í félagsmálanefnd eru: Sigrún Júlía Geirsdóttir formaður, Aðalsteinn Valdimarsson, Árdís Aðalsteinsdóttir, Ásmundur Páll Hjaltason og Smári Geirsson. Félagsmálanefnd fer með hlutverk barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar og áfengisvararnefndar. Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur hafa með sér samstarfssamning um starfrækslu barnaverndarnefndar. Félagsmálanefnd hélt 18 fundi á árinu 2005.

Starfsemi félagsþjónustusviðs

Stöðugildi við félagsþjónustusvið voru 15.2 á árinu. Forstöðukona sviðsins er Sigríður Stefánsdóttir, Hildur Ýr Gísladóttir gegnir starfi félagsmálafulltrúa og Guðmundur Yngvi Hraunfjörð er húsnæðisfulltrúi sveitarfélagsins. Samningur er fyrir hendi um kaup sveitarfélagsins á hálfu stöðugildi sálfræðings hjá Skólaskrifstofu Austurlands. Þessi þjónusta og samstarf hafa nýst mjög vel. Aðrir starfsmenn sviðsins sinna félagslegri heimaþjónustu, liðveislu við fatlaða, félagsstarfi aldraðra, akstri fatlaðra og húsvörslu. Félagþjónustusvið fer með framkvæmd félagslegrar þjónustu sveitarfélagsins.

Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Á árinu var veitt margháttuð félagsleg ráðgjöf svo sem vegna sjúkdóma, atvinnuleysis, fjölskylduaðstæðna og fleira. Bein fjárhagsaðstoð nam kr. 2,1 milljón.

Málefni aldraðra

Í Fjarðabyggð eru 32 íbúðir sérstaklega ætlaðar öldruðum. Hlutfallslega eru því 11 íbúar 65 ára og eldri um hverja íbúð. Á komandi mánuðum og árum mun verða mikil breyting á aðstöðu eldri borgara í sveitarfélaginu með tilkomu fjölbýlishúsa, hjúkrunarrýma og nýrrar félagsaðstöðu.

Norðfjörður

Í Breiðabliki eru 27 íbúðir, 9 hjónaíbúðir og 18 einstaklingsíbúðir. Íbúðirnar eru félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða. Nokkur biðlisti er eftir íbúðum þar. Meðalaldur íbúa í Breiðabliki er 84 ár. Þörfin fyrir þjónustu er mikil og hefur verið leitast við að mæta henni með fjölgun stöðugilda og sveigjanleika. Starfsemin hefur breyst nokkuð þar sem tengingangi við sjúkrahúsið hefur verið lokað vegna endurbóta á því og hafa úrlausnir á

tímabundnu ástandi fundist í samstarfi við starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Breiðabliki þrjá til fjóra daga vikunnar frá kl. 13 til 17. Þá er einnig starfsmaður í Breiðabliki til kl. 19 alla virka daga.

Félag eldri borgara á Norðfirði hefur Sigfúsarhús við Nesgötu til afnota fyrir fjölþætta starfsemi sína.

Eskifjörður

Í Hulduhlíð eru hjúkrunarrúm 17 og sjö rúm á dvalarheimili. Biðlisti er viðvarandi. Unnið er að undirbúningi byggingar hjúkrunarheimilis.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Hulduhlíð þrisvar í viku. Einnig er félagsstarf í Melbæ að hluta til á vegum félagsþjónustunnar. Á vormisseri var því sinnt einu sinni í viku af tveimur starfsmönnum. Á haustmisseri kom leiðbeinandi aðra hverja viku. Félag eldri borgara á Eskifirði hefur Melbæ til afnota fyrir margháttða starfsemi sína.

Reyðarfjörður

Í Sunnugerði er einlyft timburhús með fimm íbúðum fyrir aldraða. Í húsinu eru tvær hjónaíbúðir og þrjár einstaklingsíbúðir. Tvær einstaklingsíbúðir voru lausar 1. desember 2005.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf tvisvar í viku kl. 13-17. Starfið fer fram að Búðareyri 25, en það húsnæði hefur Félag eldri borgara á Reyðarfirði til afnota fyrir starfsemi sína.

Félagsleg heimaþjónusta

Eftirspurn eftir heimaþjónustu hefur farið vaxandi og hefur tekist að mæta henni mjög vel. Stöðugildi við félagslega heimaþjónustu voru 6,6 og kostnaður vegna hennar 21,6 milljón kr..

Daggæslumál

Tveir dagforeldrar störfuðu í sveitarfélaginu á árinu. Foreldrar greiða fyrir daggæslu samkvæmt verðskrá viðkomandi dagforeldris og fá mismun greiðslunnar og leikskólalagsjalds endurgreiddan að uppfylltrum ákveðnum skilyrðum. Heildargreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum námu á árinu 2005, 570.530 kr.

Málefni fatlaðra

Starfsmenn félagsþjónustusviðs hafa samvinnu við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi. Þjónusta við fatlaða miðar að því að tryggja þeim sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna með félagslegri liðveislu. Miðað er að því að veita félagslega liðveislu eins og best hentar þörfum

hvers einstaklings. Sérútbúin bifreið er notuð við akstursþjónustu fatlaðra og er starfsmaður í 70% starfi. Heildarkostnaður vegna þjónustu við fatlaða var 9,5 millj. kr..

Jafnréttismál

Í maí var landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga haldinn á Akureyri og sóttu hann félagsmálafulltrúi og einn nefndarmaður.

Hinn 24. október lagði fjöldi kvenna niður vinnu kl. 14.08 til þess að undirstrika launamun kynjanna. Haldinn var fundur í Egilsbúð til þess að minnast kvennafrídagsins 30 árum áður og leggja áherslu á jafnrétti kynjanna.

Í desember samþykkti félagsmálanefnd að jafnréttishópur hennar hefði frumkvæði að samstarfi við stéttarfélagin í Fjarðabyggð um að gera könnun á því hvort kynbundinn launamunur væri í sveitarfélaginu og þá eðli hans og umfangi.

Forvarnir

Í maí sendi félagsþjónustan öllum heimilum í Fjarðabyggð bréf með áminningu um breyttan útivistartíma barna. Í upphafi skólaárs var segulspjöldum með útivistarreglum dreift til allra nemenda 2. bekkjar í grunnskólum Fjarðabyggðar. Segulspjöld með Geðorðunum 10 voru sendar inn á hvert heimili fyrir jólin og var það gert í samstarfi við Lýðheilsustöð og geðræktarverkefni hennar.

Í mars ákvað bæjarráð að Fjarðabyggð tæki þátt í verkefninu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“. Verkefnið er unnið með 24 öðrum sveitarfélögum sem og Lýðheilsustöð. Áhersla er lögð á bætt mataræði og aukna hreyfingu barna og ungmenna. Áætlað er að verkefnið standi til ársins 2011.

Félagsmálanefnd og félagsþjónustusvið hafa sinnt ýmsum öðrum forvarnastörfum á árinu einkum í samstarfi við heilsugæslu, skóla, foreldrafélög, félagsmiðstöðvar, lögreglu og aðrar stofnanir og félagasamtök. Fræðsla og upplýsingar hafa verið þar í fyrirrúmi. Stærri og minni samráðshópar um forvarnir hafa verið við lýði.

Sveitarfélagið veitti nokkra styrki til forvarnastarfa á árinu 2005:

- Til Barnaheilla vegna átaksins „Stöðvum barnaklám á netinu“. Samtökin Barnaheill eru hluti alþjóðlegrar hreyfingar sem hefur það markmið að tryggja réttindi barna.
- Til forvarnaverkefnisins „Blátt áfram“. Verkefnið er á vegum Rauða krossins, Barnaverndarstofu og Neyðarlínunnar.

- Til líknarfélagsins Byrgisins vegna meðferðar- og forvarnastarfa.
- Til námskeiðs á vegum Afls á Akureyri um kynferðislegt ofbeldi.
- Til meðferðarheimilisins Blæs vegna fræðslustarfs.

Þjónustuíbúðir fatlaðra

Við Bakkabakka á Norðfirði er einlyft fjölbýlishús með fjórum íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir fatlaða. Þar geta fatlaðir einstaklingar bæði notið fastrar búsetu og skammtímadvalar.

Húsnæðismál

Í stefnu Fjarðabyggðar um félagslegar leiguíbúðir er áformað að fækka íbúðum í kerfinu með sölu. Um miðbik ársins 2008 er áætlað að 41 íbúð verði í eigu sveitarfélagsins. Gengið var frá sölu á sex íbúðum á árinu 2005; einu fimm herbergja og tveimur fjögurra herbergja parhúsum á Reyðarfirði, fimm herbergja íbúð í fjölbýlishúsi í Neskaupstað, einni fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi og einu fjögurra herbergja parhúsi á Eskifirði.


Alls bárust 42 umsóknir um leiguhúsnæði á árinu. Úthlutanir voru 25, níu umsóknir voru dregnar til baka, sex umsóknum var synjað og þrjár biða úthlutunar. Í árslok 2005 voru fjórar félagslegar leiguíbúðir lausar.

Félagslegar leiguíbúðir Fjarðabyggðar á árinu 2005 voru 99. Þar af voru 32 leiguíbúðir fyrir aldraða.

Húsaleigubætur

Alls bárust 127 umsóknir um húsaleigubætur og voru þær greiddar að meðaltali til 113 einstaklinga á mánuði. Útborgaðar húsaleigubætur voru kr. 15.254.026.

TIL FÉLAGSPJÓNUSTUSVIÐS VAR VARIÐ 93,4 MILLJ. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 7,4% AF SKATTEKJUM





Umhverfismálasvið

Undir umhverfismálasvið heyrja skipulags-, byggingar-, og umferðarmál ásamt öllum því sem snýr að umhverfismálum í Fjarðabyggð. Á umhverfismálasviði starfa sex starfsmenn. Umhverfismálanefnd fer með málefni byggingar- og skipulagsnefndar, umferðarnefndar auk þess að fjalla um málefni sem snerta umhverfismál, s.s. náttúruvernd, gróðurverndarmál og fl. Vegna byggingar álvers hefur verið samið við verkfræðistofu um að sjá um eftirlit byggingarfulltrúa á álverslóð.

Á árinu hélt nefndin 29 fundi og var að venju mest fjallað um málefni tengd skipulags- og byggingarmálum. Þá var einnig fjallað um ýmis umhverfismál. Haldnir voru borgarafundir í öllum þéttbýlisstöðum og voru þeir vel sóttir.

Í umhverfisnefnd sitja Benedikt Sigurjónsson formaður, Árni Ragnarsson varaformaður, Ásbjörn Guðjónsson, Heiðar Már Antonsson og Hörður Þórhallsson.

Tæknideild

Umhverfismálasvið hefur aðsetur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Í Neskaupstað situr forstöðumaður þess og umhverfismálafulltrúi sem er tímabundin staða á meðan á álversframkvæmdum stendur. Árni Steinar Jóhannsson gegnir starfinu sem verktaki og hafa miklar breytingar átt sér stað í þeim málum til hins betra. Á Reyðarfirði sitja byggingar- og skipulagsfulltrúi á samt tveimur fulltrúum byggingarfulltrúa og eftirlitsmaður fasteigna. Undir umhverfismálasvið heyrir einnig slökkviliðsstjóri sem staðsettur er á Eskifirði.

Þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar

Þjónustumiðstöð heyrir undir umhverfismálasvið og hefur tvær starfsstöðvar, á Eskifirði og í Neskaupstað. Á Reyðarfirði er tækjageymsla og starfsmannaáðstaða fyrir þá sem eru þar að störfum hverju sinni. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sinna verkefnum um allt sveitarfélagið óháð staðsetningu sinni.

Óskar Sigurbergur Jónsson var ráðinn forstöðumaður þjónustumiðstöðvar á fyrri hluta ársins. Stöðvarstjórar eru Þorvaldur Jónsson á Eskifirði og Þorsteinn Guðjónsson í Neskaupstað.

Á vegum þjónustumiðstöðvar eru gerðir út tveir vegheflar, Broyt grafa, tvær traktorsgröfur, tveir vörubílar, tveir traktorar auk 10 smærri bíla.

Þjónustumiðstöðin sér um viðhald og eftirlit með vatnsveitum Fjarðabyggðar, viðhaldi gatna og holræsa, umferðarmerkja og sinnir alhliða verkefnum og þjónustu við íbúa og stofnanir Fjarðabyggðar.

Gatnaframkvæmdir

Á árinu var lokið við gatnagerð og lagnavinna í Dal á Eskifirði. Skipt var um allar lagnir í Hólsvegi og hann gerður tilbúinn undir malbikun. Bogahlíð malbikuð. Plan við smábátahöfn var undirbúið fyrir malbik. Lokið var við að færa niðurföll á Strandgötu í nýja veglínu í gegnum miðbæinn og burðarlag sett í Leirukrök.

Melagatan var undirbúin fyrir malbikun. Í miðbæ Neskaupstaðar var unnið að hellulögn og gróðursetningu. Malbik var lagt á Mýrargötu. Boðnar voru út framkvæmdir við jarðvegsskipti og lagnir við Sæbakka, Móbakka, Sólbakka og Bakkaveg og var stórum hluta þeirra lokið á árinu skv. áætlun. Þá var Leiruvegur færður til vesturs í tengslum við byggingu frystigeymslu SVN og hann undirbyggður.

Á Reyðarfirði var lokið við að leggja lagnir og malbika Kviabrekku, Tungumel, Melgerði, Sunnugerði, Efstagerði og Bakkagerði. Skipt var um lagnir og jarðveg í Strandgötu og hún malbikuð. Lokið var við yfirlögn Árgötu og efsta hluta Heiðarvegar. Skipt var um lagnir og jarðveg í Öldugötu. Réttarholt var malbikað frá Austurvegi upp að Kviabrekku.

Fyrir utan helstu framkvæmdir sem hér á undan eru taldar upp var unnið við ýmsar lagfæringar og viðhald vítt og breitt um bæinn.

Vatns-, hita- og fráveita

Á Eskifirði var unnið við lagningu hitaveitu og vatnsveitu en auk þess hefur þurft að endurnýja fráveitukerfi í leiðinni. Legu stofnlagnar vatnsveitu í gegn um hverfið Dal 2 á Eskifirði var breytt en hún lá áður skáhallt í gegn um lóðir og götur. Einnig var hafist handa við stofnlögn fráveitu frá Dal 2 og að sniðræsi í Leirubakka sem tengist útrás við olústöð Skeljungs.

Í Neskaupstað var komið fyrir nýrri útrás neðan Egilsbrautar en auk þess lagfærðar lagnir á nokkrum stöðum. Endurbætur voru gerðar á útrás frá Bakkahverfi en einsýnt þykir að leggja verði sniðræsi frá hverfinu að útrás við Nesgötu.

Ný drenlögn var sett fyrir ofan Vélaverkstæðis G. Skúlasonar á Reyðarfirði. Hafnar voru framkvæmdir við stofnlögn frá hverfinu Bakkagerði I auk þess sem undirbúnar voru framkvæmdir við nýja útrás við Valhöll og tengingar við hana úr öllum áttum. Virkjað var nýtt vatnsból við Geithúsaá og var það tekið í notkun í árslok. Þar var byggt þjónustuhús og lítill miðlunartankur. Einnig var nýr vatnstankur tekinn í notkun við Búðarargil sem og ný stofnlögn fyrir vatn að vinnubúðum Bechtel á Haga og að álverslóð. Lögð var stofnlögn fyrir vatn frá Geithúsaá að vatnstanka í Hæðargerði.



Aðrar umhverfisframkvæmdir

Gerður var nýr sparkvöllur og hann lagður gerfigrasi á lóð grunnskóla og íþróttahúss á Eskfirði. Leikvöllur við Nesbakka var endurbættur og ný girðing sett við leikskólann Sólvelli. Nýr leikvöllur við Hermes var byggður. Hafnar voru framkvæmdir við lóð leikskólans Lyngholts, hún formuð og girt.

Þá hófust framkvæmdir við að undirbúa malarvöllinn í Neskaupstað undir lagningu gerfigrass en Samvinnufélag Útgerðarmanna í Neskaupstað ákvað að gefa gerfigras á völlum ásamt girðingu umhverfis hann. Mikið var gert í umhverfismálum, umhverfi leirunnar á Reyðarfirði formað og gert tilbúið undir sáningu og gróðursetningu, umhverfi Melgerðis lagfært og formað, fyllt í stækkun og undirbúin færsla og stækkun tjaldsvæðis í tengslum við lagningu hjáleiðar. Hafnar voru framkvæmdir við frágang umhverfis fyrsta áfanga hverfisins á Búðarmel. Rafstöðvargilið var formað og undirbúið undir sáningu. Hafin var landgræðsla í Eskifirði, og sáð í fyrsta áfanga sem er um 5 ha. lands. Lokið var við fyrsta áfanga umhverfisbóta við kirkju- og menningarmiðstöðina á Eskifirði og torgið í miðbæ á Reyðarfirði. Unnið var að sáningu og frágangi á opnum svæðum við innkeyrsluna í Neskaupstað og gert átak í niðurrifi gamalla girðinga. Unnið var við endurbætur á göngustíg í Fólkvanginum í Neskaupstað. Gerðar voru endurbætur á lóð grunnskólans á Eskifirði og einnig á lóð leikskólans Sólvalla.

Byggingar- og skipulagsmál

Á árunum 2000 til 2005 hefur verið úthlutað 222 lóðum með 479 íbúðum. Er þá um að ræða lóðir sem hafnar eru framkvæmdir á. Á árinu 2005 voru gefin út byggingarleyfi fyrir 146 íbúðum í einbýlishúsum, parhúsum og fjölbýlishúsum. Þá voru gefin út 10 byggingarleyfi vegna atvinnuhúsnæðis, 37 sólpöllum og skjólveggjum og 14 garð- og smáhúsum. Gefin voru út byggingarleyfi fyrir einni útisundlaug á Eskifirði, nýju búninga- og aðstöðuhúsi fyrir sundlaug í Neskaupstað og fjölnota íþróttahúsi á Reyðarfirði. Auk þess var gefinn út fjöldi annarra byggingarleyfa fyrir smærri framkvæmdum og breytingum en alls voru gefin út 170 byggingarleyfi á árinu. Hér eru ekki talin með þau byggingarleyfi sem gefin hafa verið út fyrir einstökum mannvirkjum innan álverslóðarinnar á Hrauni.

Alls eru því gefin út byggingarleyfi fyrir 43.675 m² og 275.226 m³ í nýju húsnæði. Þar að auki eru byggðir fermetrar í viðbyggingum og breytingum sem ekki eru taldir hér með í stærðartölum. Haldið var áfram vinnu við nýtt aðalskipulag Fjarðabyggðar.

Gera þurfti breytingar á gildandi aðalskipulögum þéttbýliskjarnanna vegna byggingaráforma og breytinga á deiliskipulögum.

Gerð voru ný deiliskipulög en mikið var um breytingar á áður gerðum deiliskipulögum. Voru gerðar breytingar eða endurnýjun á 16 gildandi deiliskipulögum. Þá eru í vinnslu og endurskoðun deiliskipulagstillögur fyrir tjaldsvæði Reyðarfirði og í Neskaupstað.

Byggingarframkvæmdir

Lokið var við viðbyggingar við Nesskóla og Grunnskóla Eskifjarðar. Hafnar voru framkvæmdir við búningaklefa, starfsmannaaðstöðu og líkamsræktarsal við sundlaug í Neskaupstað. Þá var gengið frá samningi við Eignarhaldsfélagið Fasteign um byggingu sundlaugar á Eskifirði og framkvæmdir við hana hafnar. Bygging fjölnota íþróttahúss með knattspyrnuvelli í fullri stærð á Reyðarfirði var sett í alútboð og verkið hafið. Í framhaldi af því var gengið frá samningi við Landsafl um bygginguna á grundvelli einkaframkvæmdar. Fjarðabyggðarhöllin og sundlaug á Eskifirði eru fyrstu mannvirkin sem Fjarðabyggð byggir ekki heldur verða þau leigð af fasteignafélögum.

Lokið var við viðbyggingu við leikskólann Lyngholt og endurbyggingu eldra húsnæðis hans. Framkvæmdir við stækkun grunnskóla Reyðarfjarðar héldu áfram en verklok eru áætluð árið 2006. Byggður var líkamsræktarsalur ofan á hluta af íþróttarhúsinu á Reyðarfirði í samstarfi við Icelandic Spa&fitness og hann tekinn í notkun.

Hafist var handa við að innrétta nýtt skrifstofuhúsnæði fyrir bæjarskrifstofur að Hafnarbraut 2 í Neskaupstað.

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Hafnarsjóð Fjarðabyggðar mynda fjórar hafnir: Mjóafjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn og Reyðarfjarðarhöfn.

Hafnarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn, og er kjörtímabil nefndarinnar hið sama og bæjarstjórnar.

Í hafnarnefnd sitja: Eiður Ragnarsson formaður, Guðjón B. Magnússon varaformaður, Guðrún Óladóttir, Árni Helgason og Pétur Wilhelm Jónasson.

Hafnarstjórn er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnanna. Hún ákveður gjaldskrár og gerir fjárhagsáætlun hafnarsjóð sem bæjarstjórn staðfestir. Einnig semur hafnarstjórn langtímaáætlun í nýframkvæmdum.



STARFSEMIN Á ÁRINU

FJARÐABYGGÐ

Fundir hafnarstjórnar voru alls 9 á árinu. Starfsmenn hafnanna eru 6 í jafnmörgum stöðugildum. Bæjarstjóri er yfirmaður hafnarsviðs Fjarðabyggðar.

Mikill afli barst að landi í Fjarðabyggð á árinu eða um 380 þúsund lestir. Er það um 20 þúsund lestum minni afli en barst að landi á árinu 2004. Samt sem áður tók hafnarsjóður Fjarðabyggðar á móti langmestum afla allra hafna á landinu.

Þá varð mikil aukning í vöruflutningum einkum vegna virkjunar og álversframkvæmda. Alls fóru um 500 þúsund tonn af vörum um hafnirnar og eru það mestu vöruflutningar sem farið hafa um hafnir Fjarðabyggðar. Eimskip og Samskip stunduðu reglubundnar millilandasiglingar frá Eskifirði og Reyðarfirði.

Afkoma hafnarsjóðs var góð á árinu .

Afli á land

Afli sem barst að landi skiptist þannig:

	Magn (tonn)	Hlutfall (%)
Bolfiskur	22.000	5,8
Eldislax	3.200	0,8
Loðna	155.900	41,0
Kolmunni	136.200	35,85
Síld	62.900	16,6
Alls:	380.200	100,0

Kolmunnaflinn minnkaði um 36 þúsund tonn á milli ára en aukning var í öðrum afla.

Tekjur

Tekjur hafnarinnar skiptust þannig:

	(millj.kr.)	(%)
